

Tillaga til bæjarráðs Árborgar

Afþreyingar og útivistargarður á sýslumannstúnið.

Bæjarfulltrúar D-listans leggja til við bæjarráðs/stjórn að skipulagður verði afþreyingar og útivistargarður á sýslumannstúninu á Selfossi. Það er mjög mikilvægt að skapa afþreyingarsvæði í þessum garði sérstaklega vegna mikillar uppbyggingar í og við og í kringum Grænumörkina, þjónustusvæði eldri borgara, þar sem íbúðir eru og félagsstarf fer fram að miklu eða öllu leyti. Til er uppdráttur að skipulagi svæðisins sem inniber mini golf, bekki og hlýlegt umhverfi. Endurskipuleggja þarf fyrri hugmyndir með nútíma áherslur og framtíðar nýtingu í huga með tilliti til afþreyingar og útivistar fyrir eldri borgara sem og aðra sem vilja nýta sér aðstöðuna. Ákveðið var snemma árs 2018 eftir að fyrir lá að fyrri kvaðir um úthlutun lóðarinnar losnuðu að hverfa til fyrri hugmynda um að heppilegast væri að á sýslumannstúninu yrði útbúin afþreyingaraðstaða.